

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 233/2019

2023/EES/3/28

frá 27. september 2019

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir
og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/1397 frá 6. ágúst 2019 um hönnunar-, smíða- og nothæfiskröfur sem og prófunarstaðla fyrir búnað um borð í skipum og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/773 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1397 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2018/773, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella hana brott úr samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta 3. liðar (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/773) í XXXII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„**32019 1397**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1397 frá 6. ágúst 2019 um hönnunar-, smíða- og nothæfiskröfur sem og prófunarstaðla fyrir búnað um borð í skipum og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/773 (Stjtíð. ESB L 237, 13.9.2019, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/1397, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. september 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 237, 13.9.2019, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.